

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	18.9.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Málning hf.	Fulltrúi UST	Haukur Magnússon
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerð var athugasemd við lekavörn á geymslubretti ammoníaks á útisvæði.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Minnt var á skil á grænu bókhaldi skv. gr. 3.4. Bókhaldi fyrir árið 2013 var skilað á réttum tíma.

Mæling á ryki í útblásturslofti skv. gr. 2.11 í starfsleyfi fór fram þann. 10. sept. 2013 og voru gildi mælinganna innan marka starfsleyfis. Stefnt er að næstu mælingu árið 2015.

Felligeymar vegna frárennslis eru tæmdir 2-4x á ári, eftir þörfum sem og oliuskiljan. Er það gert af verktaka og ferðirnar skráðar.

Allur úrgangur er flokkaður og kemur flokkunin fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins. Spilliefni eru sótt af Efnamóttökunni en annað sorp af Hringrás.

Gengið var um útisvæði og það skoðað. Geymsluport og svæði fyrir hráefnistanka er afgirt og aðgangur heftur. Tankur fyrir ammoníaklausn var upp á þar til gerðri grind og fiskikar þar undir sem ætlað er til að taka á móti leka ef verður. Tankurinn er ekki í notkun og kemur ammoníaklausnin í minni brúsum (20L) og er hún geymd á bretti. Ekki er lekavörn undir brettinu en bent er á að slíkt er æskilegt.

Gengið var um verksmiðjuna og hún skoðuð. Engin niðurföll eru sjáanleg fyrir utan niðurföll við innkeyrslur og er það leitt í setþró.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila frá því í síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar en rekstraraðili er smá saman að auka starfsemina aftur eftir hrun. Rekstraraðili keypti Slippfélagið árið 2010 og starfsemi þess flutt í húsakynni Málningar að Dalvegi 18.

Merking frávikalausra fyrirtækja á vefsíðu Umhverfisstofnunar var kynnt, Rekstraraðili sótti um minnkað eftirlit árið 2007 og hefur fengið eftirlit annað hvert ár frá þeim tíma.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að ekki er lekavörn undir bretti á útisvæði sem geymir brúsa með ammoníaklausn.

ANNAÐ

Fram kom frávik í síðasta eftirliti hvað varðar skil á viðbragðsáætlun. Var þeirri áætlun skilað til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 29. apríl 2013. Við yfirferð áætlunarinnar er gerð athugasemd við að kafla um bráðamengun og viðbrögð við henni vantar, sem og símanúmer viðbragðsaðila. Var bent á í síðustu skýrslu að æskilegt sé að skýrari reglur gildi um tæmingu rigningavatns í lekaþró og að hafa beri það í huga þegar áhættumat er gert í tengslum við viðbragðsáætlun sbr. gr. 3.3. í starfsleyfi.


Óskað var eftir því að þetta yrði lagað og sendir rekstraraðili drög að nýrri viðbragðsáætlun eins fljótt og kostur er.

Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd hvað varðar tæmingu lekaþróar vegna rigningavatns og að hún væri opin. Lekaþró var lokað þegar eftirlit fór fram og í henni nokkuð rigningavatr. Er hún tæmd reglulega og þess gætt að vatn flæði ekki yfir rafmagnsmótora sem eru ofan í þrónni.

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu til notkunar á metylenklóríði til ársins 2018 en notkun þess hefur verið bönnuð frá því í desember 2011.

Samhliða mengunarvarnareftirliti fór fram efnavörueftirlit og koma niðurstöður þess eftirlits fram í sérstakri skýrslu.

Reykjavík, 24.09.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.